



Fasteignaskattur

Fasteignaskattur árið 2026 verður:

Fasteignaskattur A, 0,415% af fasteignamati á íbúðarhúsnæði, bílageymslur, geymsluhúsnæði, lönd og útihús í landbúnaði og frístundahús, allt með tilheyrandi lóðum.

Fasteignaskattur B, 1,32% af fasteignamati sjúkrastofnana skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, skóla, heimavista, leikskóla, íþróttahúsa og bókasafna, að meðtöldum lóðum og lóðarréttindum.

Fasteignaskattur C, 1,55% af fasteignamati allra annarra fasteigna með tilheyrandi lóðum.

Afsláttur af fasteignaskatti fer samkvæmt reglum um lækkun, niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatts í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Tekjumörk vegna afsláttar ársins 2026 eru eftirfarandi:

Tekjur einstaklinga

100% Allt að 4.470.182

75% Milli 4.470.182 - 5.220.133

50% Milli 5.220.134 - 5.964.179

25% Milli 5.964.179 - 6.708.225

Tekjur hjóna

100% Allt að 6.725.941

75% Milli 6.725.941 - 7.735.717

50% Milli 7.735.717 - 8.763.210

25% Milli 8.763.210 - 9.778.892

Fjöldi gjalddaga fasteignagjalda:

Fjárhæðir að 50.000 eru með einn gjalddaga 1. maí, 50.001 – 250.000 eru með 5 gjalddögum með fyrsta gjalddaga 1. mars og síðasta 1. júlí og 250.001 og yfir verði með 10 gjalddögum með fyrsta gjalddaga 1. mars og síðasta 1. desember.

Samþykkt af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þann 15. desember 2025

Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, sveitarstjóri